

Nd.

90. Frumvarp

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson, Signrjón Á. Ólafsson,
Magnús Jónsson og Jón Ólafsson.

1. gr.

Seltjarnarneshreppur skal lagður undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur frá 1. janúar 1930.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærsluveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi værn ekki sett, í Seltjarnarneshreppi, vegna fæðingar eða dvalar þar.

3. gr.

Á sama tíma skulu fram fara fjárskifti með Reykjavíkurbæ og Kjósarsýslu, vegna stækkunar umdæmis Reykjavíkur, en náist ekki samkomslag, sker atvinnuáráðuneytið úr.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk bæjarstjórnar Reykjavíkur, og verður nánari grein gerð fyrir því í framsögu. Snmir flutningsmanna hafa nokkra sjerstöðu í málinu, sem einnig verður skýrð í framsögn.